

Stjórnarfundur í Foreldrafélagi Akurskóla

Haldinn 27. maí 2009

Mættar: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Inga Birna Kristinsdóttir og Kristjana Guðlaugsdóttir.

1. Frídagur og Frístund

Fyrirspurn kom frá skólaráði um afstöðu stjórnar til þess að hafa Frístund opna á starfsdögum og í vetrarfrí Akurskóla. Stjórnarkonur voru sammála um að forsenda þess að vetrarfrí væri eiginlegt frí fyrir nemendur væri sú að skólinn væri alveg lokaður þessa daga eins og tíðkast í skólum á Reykjavíkursvæðinu. Eins væri nauðsynlegt fyrir starfsfólk Frístundar að fá einhverja starfsdaga til undirbúnings ef halda á uppi metnaðarfullu starfi. Hversu margir dagar það yrðu, yrði að meta sérstaklega. Best væri ef Frístundaskólar Reykjanesbæjar gætu notað einhverja daga sem samstarfsdaga og/eða námskeiðsdaga. Frístundaskólanum á að loka kl. 16.00 v. sparnaðar sem er í takt við það sem er að gerast t.d. á leikskólum bæjarins.

2. Skólabúningar

Rætt var um skólabúninga. Hlutverk skólabúninga er að skapa samræmi til að koma í veg fyrir samkeppni í klæðaburði, þeir eiga að vera til sparnaðar, vera hlýjir og taka mið af íslensku veðurfari. Sú tillaga var rædd að 1. – 3. bekkur væri í búningum/göllum en 4. – 10. bekkur væri í peysum. Ákveðið að gera könnun meðal foreldra strax í haust þann 3. september á viðtalsdegi skólans. Einnig var ákveðið að setja saman lítinn pistil um FFA og afhenda foreldrum þennan sama dag til upplýsingar fyrir foreldra og undirstrika að allir foreldrar eru í Foreldrafélagi Akurskóla. Nauðsynlegt að fá kennarana með til samstarfs til að af þessu geti orðið.

3. Undirbúningur fyrir næsta skólaár

Næsti fundur stjórnar verður 19. ágúst kl. 20.00. Þá þarf að undirbúa könnunina v. skólabúninga, og kynningarpistil fyrir foreldra. Einnig þarf að undirbúa kynningu um FFA og bekkjarfulltrúastarfið fyrir námskynningarkvöldið sem halda á í byrjun skólaárs.

Rætt var um mikilvægi þess að bekkjarfulltrúar fengju í hendur upplýsingar um hlutverk sitt og hugmyndabanka til að vinna út frá. Einnig var rætt um nauðsyn þess að umsjónarkennarar viti af bekkjarfulltrúum og að þeir geti leitað til þeirra. Ákveðið að senda þeim tölvupóst strax í upphafi næsta skólaárs til að minna á tengsl foreldra og skóla.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir